



## 274. fundur

**Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 27. október 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.**

**Mætt voru:** Berglind Axelsdóttir, BA  
Elín Pálsdóttir varamaður, EP  
Davíð Sveinsson, DS  
Egill Egilsson, EE  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Guðlaug J. Ágústdóttir, GJÁ  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

**Varaforseti bæjarstjórnar, Berglind Axelsdóttir setti fund og stýrði.**

**Varaforseti leitaði afbrigða að taka lið 4. á dagskrá áskorun til sjávarútvegs-og landbúnaðarráðherra.**

**Varaforseti leitaði afbrigða að taka lið 5. á dagskrá tilnefning í vinnuhóp vegna gönguleiðir, stígar og leikvalla.**

Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

##### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 478, dags. 20.10.2011.

Fundargerð framlagt.

##### **Liður 1 fundargerð skólanefndar, dags.14.09.2011 (115.fundur).**

Fundargerð framlögð **Liður 3** leikskólastjóra falið að koma með tillögu að sumarlokun leikskólans. Bæjarráð tekur undir með skólanefnd að mikilvægt sé að skóladagatal sé samrýmt á milli skólanna þriggja. Fundargerð samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

##### **Liður 2 fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 05.10.2011 (57.fundur).**

Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjarstjóra falið að skoða tækifæri að útleigu og koma með tillögu að gjaldskrá, með fyrirvara um breytinga á starfssemi Dvalarheimilisins.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**



**Til máls tóku:GDP,GS og BA**

**Liður 4 fundargerð safna-og menningarmálanefndar, dags.12.09.2011 (80. fundur).**

Fundargerð framlögð **Liður 3** bæjarráð vísar ákvörðun um að halda Norðurljósahátíð árið 2012 til fjárhagsáætlunarvinnu. Fundargerð samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:GDP,BA og GS**

**Liður 5 fundargerð Hafnarstjórnar dags. 06.10.2011 (64. fundur).**

Fundargerð framlögð **Liður 6** samþykkt að hækka gjaldskrá miðað við hækkun vísitölu neysluverðs. Fundargerð samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 7 bílastæði á hafnarsvæði, samþykkt að vísa til fjárhagsáætlunarvinnu.

**Til máls tóku:GDP,BA og DS**

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

**Liður 21 bréf Velferðarráðuneytis, dags.09.09.2011 varðandi aðgerðaráætlun um aðgerð gegn ofbeldi á konum.**

Erindinu vísað til jafnréttisnefndar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók:GDP**

**Liður 22 bréf Arion banka, dags.20.09.2011 varðandi skil lóðar nr.17, við Aðalgötu í Stykkishólmi.**

Bæjarstjóra falið að taka saman kostnað varðandi lóðina að Aðalgötu 17 og svara bréfitara í samræmi við það.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:GS og GDP**

**Liður 23 bréf mennta-og menningarmálaráðuneyti, dags. 21.09.2011 varðandi úttekt á Leikskólanum í Stykkishólmi haustið 2011.**

Bæjarráð fagnar úttekt á starfi Leikskólans í Stykkishólmi. Jafnframt væri jákvætt ef Grunnskóli Stykkishólms fengi sambærilega úttekt á sínu starfi.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 24 bréf frá Þorgeiri Kristóferssyni og Magnúsi Tómassyni,**



**dags.11.09.2011 varðandi ósk eftir samstarfi við hafnarstjórn og bæjarstjórn Stykkishólms.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið, vonandi eykur þetta fjölbreytnina í atvinnulífi Stykkishólms.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:DS,GDP og ÍHS**

**Liður 25 bréf Umhverfissráðuneytis, dags.26.09.2011 vegna undirbúnings á útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs.**

Erindinu vísað til umhverfisnefndar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 26 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags.29.09.11 varðandi hvatningu vegna kvennafrídagsins 25.október n.k.**

Erindinu vísað til jafnréttisnefndar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók:DS**

**Liður 28 bréf Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 11.10.11 varðandi skólaakstur við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Samþykkt að greiða 488.227 kr. í skólaakstur.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 29 tölvupóstur Árna Páls Jóhannssonar dags. 9.10.2011 varðandi uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að óska eftir fundi við Árna Pál.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Bæjarstjóra falið að svara Árna Páli Jóhannssyni.

**Til máls tóku:GDP,GS,ÍHS,BA,EE og DS**

**Liður 30 bréf Bindindissamtaka IOGT, dags.15.09.2011 varðandi forvarnarstörf.**

Erindi vísað til æskulýðs- og íþróttanefndar og íþrótt- og tómstundafulltrúa.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 32 Þróunarfélag Snæfellinga.**



Afgreiðslu frestað.

Samþykkt að skoða málin betur í samvinnu við aðila Þróunarfélags Snæfellinga.

**Til máls tóku: GDP, DS, BA, ÍHS og GS**

**Liður 34 Tillaga HVE**

Undirrituð leggur til að bæjarstjóra verði falið að kalla eftir upplýsingum frá Velferðarráðuneyti og HVE um þær breytingar sem orðið hafa á sl. 5 árum á starfsmannahaldi sjúkrastofnana á starfssvæði HVE.

*Greinargerð:*

Nauðsynlegt er að fá yfirlit yfir þróun starfsmannafjölda sl. 5 ár til að gera sér grein fyrir fækkun starfa / samdrætti í starfsmannahaldi sjúkrastofnana. Bæjaryfirvöld þurfa að vera vel upplýst um hvað er að gerast og krefjast svara um hvað á að gera í raun þar sem starfsemi SFS er mikilvæg stoð í atvinnulífi bæjarins. Framkomnar tillögur vinnuhóps um breytingar á starfsemi SFS liggja fyrir og vilji bæjarstjórnar til samstarfs er einlægur og meiningin að áfram verði unnið að málum. Áhersla er lögð á að eftirfylgni mála er mikilvæg svo að aðilar séu vel upplýstir um stöðu mála hverju sinni.

Stykkishólmi 20. október 2011  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

**Tillaga samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: ÍHS og DS**

**Liður 35 Tillaga um atvinnumál.**

Undirrituð leggur til að atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar verði falið að láta vinna samantekt um þróun stöðugilda í Stykkishólmi á sl. 10 árum.

*Greinargerð:*

Ljóst er að störfum hefur fækkað umtalsvert í Stykkishólmi undanfarin misseri. Samantekt sem þessi yrði til þess fallin að fá greinargott yfirlit um stöðuna í raun svo unnt sé að halda áfram baráttunni. Áfram þarf að berjast af krafti til að halda þeim störfum sem eru til staðar í dag en jafnframt þarf að sækja fram og fjölga störfum.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

**Tillaga samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók: ÍHS**



### **Liður 36 skrifleg fyrirspurn vegna atvinnumála.**

Undirrituð óskar eftir upplýsingum um stöðu á vinnu atvinnumálanefndar við stefnumótun í atvinnumálum sem bæjarráð fól nefndinni að vinna eins og fram kemur í fundargerð atvinnumálanefndar frá 17.8.2010 og hvort að nefndin hafi þegar fundað með SSV þróun og ráðgjöf eins og lagt er til á fundi nefndarinnar 15. mars sl.

Stykkishólmi 20. október 2011

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

*Svar við fyrirspurn ÍHS vegna atvinnumála.*

*Á fundi Atvinnumálanefndar 17.08.2010 var tekin fyrir tillaga bæjarráðs um gerð stefnumótunar í atvinnumálum í Stykkishólmi. Á fundinum lagði nefndin til að leitað verði eftir sérfræðingi í stefnumótun til ráðgjafar.*

*Á fundi Atvinnumálanefndar 15.03.2011 lagði nefndin til að leitað yrði eftir ráðgjöf hjá SSV – ráðgjöf og þróun um stefnumótun í atvinnumálum. Óskaði nefndin eftir fundi með forsvarsmönnum SSV þróunar og ráðgjafar.*

*Atvinnumálanefnd hélt fund 12.04.2011 með Ólafi Sveinssyni, Vífli Karlssyni og Torfa Jóhannessyni frá SSV vegna stefnumótunarvinnu. Á fundinum var samþykkt að Atvinnuþróun og ráðgjöf myndu vinna að stefnumótun með Stykkishólmsbæ og gögn frá Ráðstefnu Sjálfstæðisfélagsins Skjaldar yrðu afhent þeim þegar þau bærust til Stykkishólmsbæjar. Gögn á tölvutæku formi bárust mánudaginn 24. október sl. og fóru undirrituð og Íris H. Sigurbjörnsdóttir til SSV og afhentu gögnin á tölvutæku formi.*

*Gyða Steinsdóttir*

### **Til máls tóku:ÍHS,GDP,DS og GS**

### **Liður 37 Fræðslusetur.**

Undirrituð telur brýnt að leyst verði úr húsnæðisvanda fræðsluvers sem allra fyrst svo að notendur þess geti sinnt námi sínu við sómasamlegar aðstæður og við nauðsynlegt næði á föstum samastað. Fræðsluverið og fjarfundarbúnaðurinn var áður við ágætan aðbúnað í Egilshúsi en hefur ekki öðlast fastan samastað frá sölu hússins.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Bókun:

*Fjarnemar í háskólanámi hafa fengið aðstöðu í Vatnasafni. Eru nemendur sáttir við aðstöðuna og líður vel á nýjum stað. Eru þeir tilbúnir að vera þar eins lengi og þeir mega. Aðstæður eru í góðu lagi í Fræðsluveri. Innri leiga vegna Fræðsluvers var rúmar 2,2 milljónir á ári, sem hægt verður að tekjufæra að hluta á Vatnasafnsrekstur og nýting komið á húsnæði Vatnasafnsins sem er í takti við hugmyndir Roni Horn í upphafi, að húsið nýttist fyrir heimamenn.*

*Fjarfundabúnaði hefur verið komið fyrir í sal bæjarstjórnar á Ráðhúsloftinu. Einnig er annar fjarfundabúnaður til í eigu bæjarfélagsins sem hægt væri að setja upp á öðrum stað í húsnæði bæjarins.*

*Gyða Steinsdóttir*



### **Til máls tóku:GDP,GJÁ,EP,ÍHS og GS**

Bókun

Undirritaður leggur áherslu á að fundargerðir nefnda komi fyrst fyrir í bæjarráði sé þess nokkur kostur.

Gretar D.Pálsson

### **Fundargerð samþykkt.**

### **Til máls tóku:GDP,DS,ÍHS,BA og GS**

## **2. Fundargerðir nefnda.**

### **2.1. Fundargerð skólanefndar, dags. 14.09.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

### **2.2. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 05.10.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

### **2.3. Fundargerð skólanefndar, dags. 10.10.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

### **Til máls tóku:GDP og BA**

### **2.4. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 12.09.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

### **2.5. Fundargerð Hafnarstjórnar, dags. 06.10.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

### **2.6. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 24.10.2011.**

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.

Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. Arnar Guðbrandssonar leyfi til að rífa núverandi hús við Ægisgötu nr. 1 og reisa nýtt hús á lóðinni, sbr. umsókn dags. 20.10.2011, og teikningar frá Haraldi Valbergssyni B.F.Í, dags. 05.10.2011.

Umsögn húsafriðunarnefndar liggur fyrir dags. 10.06.2011 og úttekt á ástandi hússins dags. 30.06.2008.

Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið samkvæmt 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum Tangagötu 2 og 3, Ægisgötu nr. 2, 3, 5 og Austurgötu nr. 12.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Til máls tók:DS**



**Liður 2** Tillaga að deiliskipulagi við Nónvík, dagsett 15. maí 2000. Vegna formgalla í málsmeðferð á deiliskipulagi við Nónvík (Hjallatanga), teiknað af Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 19.02.2000, samþykkti bæjarstjórn að endurauglýsa tillögu í óbreyttri mynd samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var í auglýsingu til og með 21. október 2011. Engar athugasemdir bárust. Lagt er til að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

**Liður 5** stígur við Hjallatanga, fyrirspurn. Kristinn Ó. Jónsson og Þórhildur Magnúsdóttir Hjallatanga 22 spyrjast fyrir um framkvæmdir á stíg, sbr. bréf. mótt. 24.10.2011. Nefndin vísar fyrirspurn til bæjarstjórnar.

Samþykkt að vísa erindinu til byggingafulltrúa.

#### **Til máls tóku:GDP,EE og DS**

Fundargerð samþykkt.

#### **Til máls tóku:GDP,ÍHS,DS,GJÁ,BA og GS**

### **3. Annað**

#### **3.1. Hlutarfjárukning Sjávarorku ehf.**

Tillaga að hlutafjárukningu samþykkt. Stykkishólmsbær er ekki að auka hlutafé í félaginu.

Davíð Sveinsson fer með hlut Stykkishólmsbæjar á hluthafafundi.

#### **Til máls tóku:GDP,GS og EE**

### **4. Áskorun til sjávarútvegs-og landbúnaðarráðherra.**

Allt frá hruni hörpuskelstofnsins í Breiðafirði árið 2003 hafa skeljaútgerðir í Stykkishólmi mátt lifa í óvissu um úthlutun aflaheimilda á hverju ári.

Bæjarstjórn Stykkishólms telur löngu tímabært að setja skeljabætur í fastar skorður á meðan þetta ástand varir. Allt útlit er fyrir að stofninn verði ekki í veiðanlegu magni næstu árin.

Burtséð frá fyrirhuguðum breytingum á gildandi fiskveiðistjórnunarkerfi teljum við að áður nefndar útgerðir eigi rétt á að leiðrétt verði sú skerðing sem átt hefur sér stað frá þeim tíma er skeljabótum var fyrst úthlutað fiskveiðiárið 2003/2004. Þess má geta að þá var skerðingin um 30% miðað við þorskígildistonn en frá þeim tíma hafa bæturnar skerast um 56% .

Fyrirtæki í Stykkishólmi sem hafa fengið bæturnar, hafa ekki leigt þær frá sér, heldur unnið allan þorskkvóta sinn á staðnum, auk þess sem þau hafa keypt af mörkuðum fyrir vinnslur sínar.



Ekkert byggðarlag hefur orðið fyrir eins miklu tjóni í sjávarútvegi vegna náttúrulegra hamfara og stjórnvaldsaðgerða frá árinu 2003 fram til dagsins í dag. Um er að ræða gríðarlegt hagsmunamál sveitarfélagsins í atvinnu- byggða og tekjulegu samhengi. Tvö skelvinnslyfyrirtæki hafa eytt miklum fjármunum í að varðveita húsnæði og vélar sem nýttar hafa verið til skelvinnslu. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar væntir þess að ofangreint erindi verði metið með alvarleika málsins í huga.

**5. Tilnefning í vinnuhóp vegna gönguleiða, stíga og leikvalla.**

Tilnefndir eru: aðalmenn Ingi Berg Ingason, Hrefna Frímannsdóttir og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, varamenn Hörður Karlsson, Steinunn Helgadóttir og Hjörleifur K. Hjörleifsson.

**Tilnefningar samþykktar.**

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:09**

**Þór Örn Jónsson**